



Reykjavík 18. nóvember 2020

Efni: Samráðsgátt Sjávarútvegs

Undirritaður vill upplýsa um fyrirtækið marisOptimum sem hefur hafið frumkvæðisathugun á tillögum Hafrannsóknarstofnunar á stofnmati fiskistofna. Hófst verkefnið að frumkvæði Bláa hagkerfisins ehf. sem gerði skýrslu um stöðu karfa- og grálúðurannsókna fyrr á þessu ári í samstarfi við nokkur fyrirtæki í sjávarútvegi. Í áframhaldinu var fyrirtækið marisOptimum ehf. stofnað sem er í eigu Bláa hagkerfisins ehf., Arev ehf. og hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

marisOptimum hefur í nánu samstarfi við Hafrannsóknastofnun framkvæmt skoðun á mælingum og rannsóknaniðurstöðum vegna gullkarfa (Sebates Marinus). Við þá úttekt komu fram áhugaverðar niðurstöður sem styðja við og efla skilning okkar á nákvæmni þeirra gagna sem unnið er með við stofnmatsáætlanir. Hefur marisOptimum búið til stofnmatslíkan sem spáir fyrir um þróun gullkarfa stofnsins nokkur ár fram í tímann og unnið er að sambærilegu líkani fyrir ýsuna að tillögu Hafrannsóknastofnunar. Þetta samstarf marisOptimum og Hafrannsóknastofnunar hefur gengið vel og má vænta mikils af því í framtíðinni.


Mikilvægt er að þessi vettvangur sé efldur og að fyrirkomulag samstarfsins verði styrkt.


Það er nauðsynlegt að komið verði á gegnsæju fyrirkomulagi við hafrannsóknir þar sem aðgangur að gögnum og meðhöndlun þeirra sé sem greiðastur og að gott samstarf sé á milli vísindasamfélags og opinberra stofnana um meðferð gagna.

Hér að neðan er tengill á gögn okkar og forrit á github svo og stutt umfjöllun á vef Bláa hagkerfisins um skýrsluna um karfa og grálúðu.


Virðingarfyllt,

fh. marisOptimum ehf.
Svanur Guðmundsson

893 5055 

svanur@arcticeconomy.com 

marisoptimum.com 

Skútuvogi 3, 104 Reykjavík 




Tenglar:

Tengill á reikniforrit f gullkarfa


<https://github.com/Jonschth/mlmodels>

Tengill á umfjöllun um skýrslu um karfa og grálúðu

<https://www.arcticeconomy.com/post/sk%C3%BDrsla-samantekt-%C3%A1-stofnmati-karfa-og-gr%C3%A1l%C3%BA%C3%B0u>

893 5055 

svanur@arcticeconomy.com 

marisoptimum.com 

Skútuvogi 3, 104 Reykjavík 